


Búnaður

- [S-Monovette® blóðsýnasprautur](#) 4,5 ml með *clot activator* eða Monovette Z-Gel eða annar sambærilegur búnaður
- S-Monovette® nálar 20G x 1½"
- Sýnapoki og merkimiðar fyrir poka eftir þörfum
- Pokar fyrir rusl og umbúðir, ílát fyrir notaðar nálar
- [Rannsóknarbeiðni](#) og plastpoki
- Tússpenni og blekpennti

Aðferð

1. Merktu sprauturnar eftir því sem við á, til dæmis með raðnúmeri og dagsetningu sýnatöku.
2. Festu nálar á sprautuna.
3. Aðstoðarmaður leggur fuglinn á bakið og þú heldur í annan væng og réttir úr honum. Best er að láta vænginn halla niður.
4. Þú getur fjarlægð litlar fjaðrir við olnboga ef þess þarf. Þar birtast tvær bláæðar sem renna saman við olnboga og mynda V.
5. Stingdu nálinni undir húð neðan við (distalt) við bláæðina (*v. cutaneus ulnaris*) og undir sinina (sin pronator vöðvans), sjá mynd 1. Sprautan er þá lofttæmd með því að draga stimpilinn til baka þar til hann er læstur.



Mynd 1 Teikning til vinstri og ljósmynd af sama svæði til hægri

6. Færðu nálina áfram að staðnum þar sem báðar æðar renna saman (í V) og inn í æðarnar. Láttu vænginn og sprautuna halla niður.
7. Ef blóðið rennur hægt, reyndu að snúa nálinni rólega, en ekki draga hana mikið fram og til baka. Það þarf stundum að sýna þolinmæði, ef það koma bara dropar.
8. Ef margúll myndast þá verður þú að taka blóð úr hinum vængnum, það er oftast ekki hægt að taka nægilega mikið blóð úr margúl. Fuglar eru með háan blóðþrýsting og þess vegna getur margúll myndast hratt ef æðin skemmist.

- Fjöldi mælinga skiptir máli þegar ákveðið er hversu mikið blóð skal taka úr hverjum fugli. Æskilegt er að taka að lágmarki 2 ml af blóði ef um nokkrar mælingar er að ræða, 1 ml dugur ef einungis er verið að mæla mótefni gegn einum eða tveimur sjúkdómum. Sjá mynd 2.



Mynd 2 Magn blóðs (2 ml) merkt á 9 ml blóðsýnasprautu

- Fjarlægðu nálina. Þú dregur úr blæðingu með því að þrýsta á æðina neðan við (distalt) stungustað áður en nálina er tekin.
- Brjóttu stimpilinn af og fjarlægðu nálina. Sjá mynd 3.



Mynd 3 Stimpill brotinn af

- Sýnin skulu kæld ef þau eru ekki send strax á rannsóknarstofu.

Ítarefni

- [Myndband](#) um blóðsýnatöku úr hænu
- [Leiðbeiningar frá FAO](#)